

Starfsreglur stjórnar

1. gr.

Starfsemi

- 1.1 Lífeyrissjóður Rangæinga starfar á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykktá sjóðsins.
- 1.2 Sjóðurinn skal annast móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að ná þessum tilgangi.
- 1.3 Stjórnarmenn skulu í störfum sínum hafa hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.

2. gr.

Skipan stjórnar

- 2.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum samkvæmt 4. gr. samþykktá sjóðsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
- 2.2 Tveir stjórnarmenn skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt einum varamanni og tveir staðfestir af fulltrúum atvinnurekanda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar Samtaka atvinnulífsins ásamt einum varamanni.
- 2.3 Um skipan stjórnar fer að öðru leyti eftir gildandi samþykktum sjóðsins.

3. gr.

Skipting starfa innan stjórnar

- 3.1 Stjórn sjóðsins skal koma saman að skipan lokinni og skipta með sér verkum. Þó skulu fulltrúar atvinnurekanda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

4. gr.

Verksvið stjórnar

- 4.1 Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og sér um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- 4.2 Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins. Í því felst að stjórn sjóðsins ber endanlega ábyrgð á því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins meðal annars með því að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta ferla.
- 4.3 Stjórn sér um að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Hún skal kveða á um skipulag, innra eftirlit, bókhald og reikningsskil.
- 4.4 Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ráðinn af stjórn sjóðsins, sem skal setja honum starfsreglur. Í starfsreglum skulu m.a. koma fram reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins.
- 4.5 Komi upp sú staða að sjóðurinn verði skyndilega án framkvæmdastjóra, t.d. vegna þess að hann lætur af störfum eða verði tímabundið frá störfum af ýmsum ástæðum, skal stjórn útnefna stjórnarmann til að sinna störfum framkvæmdastjóra þar til framkvæmdastjóri hefur hafið störf á ný eða nýr framkvæmdastjóri ráðinn. Viðkomandi stjórnarmaður skal víkja tímabundið úr stjórn sjóðsins á meðan hann sinnir störfum framkvæmdastjóra og skal varamaður taka hans sæti í stjórninni á meðan.

- 4.6 Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Öll skjöl sem varða meiriháttar ákvarðanir, svo sem samningar er teljast óvenjulegir eða meiriháttar eða hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins, skulu undirrituð af stjórn.
- 4.7 Stjórnin mótar stefnu sjóðsins og starfsemi, þar með talið fjárfestingarstefnu. Stjórnin ráðstafar fjármagni sjóðsins með hliðsjón af bestu kjörum á á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins. Stjórnin skal sjá til þess að samsetning eignasafns sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.
- 4.8 Hlutverk stjórnar er jafnframt að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfsemi sjóðsins, ásamt því að setja þeim ásættanleg mörk. Í samræmi við það mótar stjórn fjárfestingarstefnu og áhættustefnu sem lagðar eru til grundvallar við eignastýringu sjóðsins.
- 4.9 Í skýrslu stjórnar fyrir ársfund skal koma fram yfirlit yfir starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagsstöðu sjóðsins.
- 4.10 Stjórnin skal árlega láta framkvæma tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins og meta framtíðarstöðu hans. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur sé á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er henni skylt að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans. Sama gildir ef munur samkvæmt athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meira en 5% samfellt í fimm ár.
- 4.11 Framkvæmdastjóri, f.h. stjórnar sjóðsins ber ábyrgð á eftirliti með útvistun skv. rekstrarsamningnum við Arion banka.

5. gr. Fyrirsvor stjórnar

- 5.1 Formaður stjórnar kemur fram fyrir hennar hönd nema stjórnin ákveði annað.
- 5.2 Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í nema stjórn sjóðsins ákveði annað. Stjórn ákveður hver sé fulltrúi sjóðsins í stjórn stofnunar eða fyrirtækis, nema lög kveði á um annað.
- 5.3 Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra.

6. gr. Boðun funda, o.fl.

- 6.1 Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði. Auk þess skal halda stjórnarfund ef formaður stjórnar, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telja slíkt nauðsynlegt.
- 6.2 Í lok hvers stjórnarfundar skal að jafnaði liggja fyrir ákvörðun um hvenær næsti stjórnarfundur skuli haldinn. Í árslok skal þó að öllu jöfnu leggja fram áætlun um stjórnarfund næsta starfsárs, oftast einu sinni í mánuði nema yfir sumartímann.
- 6.3 Til stjórnarfunda skal boða með minnst fimm daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur þó ákveðið annan frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.
- 6.4 Fundarboð skal að jafnaði vera skriflegt (með rafrænum hætti eða símbrefi) og skal í því greina dagskrá. Leggja skal fram á hverjum stjórnarfundum upplýsingar um helstu þætti í starfsemi sjóðsins frá síðasta stjórnarfundum. Ávallt skal leggja fram skýrslu um kaup og sölu verðbréfa. Sé í gildi samningur um umsjón fjárfestinga fyrir sjóðinn skv. ákvæðum í 8. kafla samþykkt hans, skulu yfirlit lögð fram minnst ársfjórðungslega.
- 6.5 Stjórnarmaður sem ekki kemst á boðaðan stjórnarfund skal tilkynna það tímanlega til framkvæmdastjóra sem sér um að boða varamenn.

7. gr. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur, o.fl.

- 7.1 Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnar sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við þessar starfsreglur. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.
- 7.2 Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum.
- 7.3 Samþykki þriggja stjórnarmanna þarf til að samþykkja mál á stjórnarfundum.
- 7.4 Óski stjórnarmaður eftir frestun afgreiðslu máls til næsta fundar skal orðið við slíkri beiðni enda þjóði brýnir hagsmunir sjóðsins ekki annað.
- 7.5 Stjórnarmaður er eingöngu bundinn af sannfæringu sinni, en ekki fyrirmælum þeirra sem hafa tilnefnt hann eða skipað.
- 7.6 Óski stjórnarmaður eftir að einstök mál séu tekin á dagskrá stjórnarfundar snýr hann sér til stjórnarformanns eða framkvæmdastjóra.

8. gr. Fundargerðir og fundarbók.

- 8.1 Formaður stjórnar skal sjá um að skráð sé fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Heimilt er að skrá fundargerðir á laus blöð enda séu þær undirritaðar í samræmi við 8.7.
- 8.2 Fundargerðir skulu sendar út til allra stjórnarmanna og þeirra varamanna sem setið hafa viðkomandi fund eftir stjórnarfundum.
- 8.3 Í fundargerð skal skrá eftirfarandi:
- a) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
 - b) Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum og hver ritar fundargerð.
 - c) Dagskráratíði, stutta lýsingu á dagskrárlíðum og gögnum fundarins.
 - d) Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur
 - e) Upphaf og lok fundartíma.
 - f) Hvenær næsti stjórnarfundur verður haldinn.
- 8.4 Stjórnarmaður sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar á rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.
- 8.5 Ef upp koma brýn erindi, milli stjórnarfundar, sem þarfnast tafarlausrar afgreiðslu stjórnar, skal stjórn heimilt að nýta tölvupóstsamskipti eða aðra rafræna samskiptatækni til umfjöllunar og afgreiðslu viðkomandi erindis. Á næsta fundi stjórnar á eftir skal færa umfjöllun um málið og afgreiðslu stjórnar til bókar í fundargerð.
- 8.6 Fundargerð stjórnarfundar skal borin upp til samþykktar á næsta stjórnarfundum þar á eftir.
- 8.7 Fundargerðir skulu undirritaðar af þeim stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðarbók eða undirritaðar með ofangreindum hætti teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum.

9. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda.

- 9.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmenn, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls samkvæmt eða ákvörðun stjórnarinnar. Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að gögn, sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila. Þagnarskylda helst þó stjórnarmaður láti af starfi.

10. gr. Hæfi.

- 10.1 Stjórnarmaður skal á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og ákvæði reglna nr. 180/2013 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða.
- 10.2 Stjórnarmenn skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa gott orðspor og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlög aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjárhagsstarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- 10.3 Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylda aðila eða aðila í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Stjórnarmenn lífeyrissjóðsins mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð. Starfsmönnum lífeyrissjóðs er ekki heimilt að sitja í stjórn hans.
- 10.4 Þrátt fyrir 10.3. gr. getur starfsmaður annars eftirlitsskylda aðila tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðs ef hann er kosinn eða skipaður úr hópi sjóðfélaga. Undanþága þessi á þó ekki við um stjórnendur og lykilstarfsmenn eftirlitsskyldra aðila eða ef hinn eftirlitsskyldi aðili annast rekstur lífeyrissjóðs eða eignastýringu hans að hluta eða öllu leyti. Stjórnarseta samkvæmt þessari grein skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði eða dragi úr trúverðugleika stjórnar lífeyrissjóðsins. Skal þar m.a. horft til stöðu þeirra starfsmanna sem um ræðir hjá eftirlitsskyldum aðila.
- 10.5 Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gengt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.
- 10.6 Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra. Tilkynningum skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar til þess að hægt sé að meta hvort skilyrðum 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 sé fullnægt.
- 10.7 Verði breytingar á áður veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á hæfi stjórnarmanns ber honum að tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins án tafar en eigi síðar en innan tveggja vikna frá breytingum.
- 10.8 Um hæfi stjórnarmanna til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnarsýslulaga.

11. gr. Vanhæfi.

- 11.1 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama hildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður, starfsmaður eða af öðru fjárhagslegum toga. Um hæfi til meðferðar einstaks máls fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga.
- 11.2 Skýlt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu. Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um mál sem svo er vaxið.
- 11.3 Stjórnin tekur í kjölfarið ákvörðun um hvort viðkomandi stjórnarmaður eða starfsmaður skuli víkja sæti á meðan á meðferð málsins stendur.
- 11.4 Þeir sem ákvörðun um vanhæfi snýr að skulu ekki taka þátt í umræðu eða ákvörðun þar um. Öll þau gögn sem tengjast viðkomandi máli skulu ekki vera aðgengileg vanhæfum stjórnarmanni eða starfsmanni. Ef gögn hafa borist viðkomandi ber hinum sama að skila þeim aftur. Stjórnarmenn mega

ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákvæðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

12. gr. Frekari reglur um störf stjórnar.

- 12.1 Stjórnarmenn skulu kynna sér og starfa eftir viðeigandi ákvæðum laga, samþykktum sjóðsins, almennum reglum verðbréfamarkaðarins og sérstökum reglum sjóðsins um meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjasvika.
- 12.2 Um ábyrgð, vald og störf stjórnar sjóðsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, og öðrum almennum lögum og reglum sem við eiga á starfssviði sjóðsins.

13. gr. Breytingar á starfsreglum stjórnar

- 13.1 Einungis stjórn sjóðsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á reglum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar. Starfsreglur stjórnar skulu teknar til upprifjunar og endurskoðunar árlega.

14. gr. Meðferð starfsreglna

- 14.1 Þeir sem sæti eiga í stjórn sjóðsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit reglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum aðalmönnum og varamönnum í stjórn skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita yfirlýsingu þess efnis því til staðfestingar.
- 14.2 Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðanda sjóðsins skal afhent eintak af starfsreglum stjórnar sjóðsins sem í gildi eru á hverjum tíma. Starfsreglur þessar eru jafnframt birtar á vef/heimasíðu sjóðsins.

Framangreindar starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs Rangæinga eru settar samkvæmt ákvæðum 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Samþykkt á fundi stjórnar þann 26. febrúar 2024

Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað með fullgildri rafrænni undirritun. Rafræn undirritun skjalsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga

Heimir Hafsteinsson
Guðmundur Svavarsson
Margrét Jóna Ísólfsdóttir
Ólafía B. Ásbjörnsdóttir